

Ed.

550. Frumvarp til laga

[169. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. maí.)

1. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Fimm manna bankaráð fer með stjórn bankans.

Sameinað Alþingi kys bankaráðsmenn hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Á sama hátt skal kjósa fimm varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum aðalmanns. Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna aðalmanna eða varamanna, til fjögurra ára í senn.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann setur bankaráði og bankastjóra erindisbréf og ákveður laun bankaráðsmanna.

Bankaráð skipar einn bankastjóra, aðalbókara og aðalféhirði. Heimilt er bankaráði að fjölga bankastjórum í tvo, að fengnu samþykki ráðherra.

Laun bankastjóra skulu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðherra, en aldrei mega þau vera hærri en laun bankastjóra við Landsbanka Íslands. Sama gildir um eftirlaun handa fráförnum bankastjóra eða ekkju hans.

2. gr.

54. grein laganna orðist svo:

Bankastjóri ræður aðra starfsmenn bankans en aðalbókara og aðalféhirði.

Bankaráð ákveður laun starfsmanna, að fengnum tillögum bankastjóra.

3. gr.

1. málslíður 57. gr. laganna orðist svo:

Tveir skulu vera endurskoðendur bankans, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til tveggja ára í senn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna, svo og endurskoðenda. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna þeirra, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1964. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ráðherra skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til sama tíma.

Starfstímabil endurskoðenda, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1962.